



Skýrsla um erlent samstarf árið 2024

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Dagný Hulda Valbergsdóttir tók saman



Verkmenntaskólinn
á Akureyri

1. Almennt um erlent samstarf

Verkmenntaskólinn á Akureyri leitast við að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi í þeim tilgangi að læra af öðrum og miðla þekkingu og reynslu. Skólinn leggur áherslu á að veita nemendum og starfsfólki tækifæri til að kynna námi og starfi erlendis - og með því að efla nemendur og mögulega leggja grunninn að frekara samstarfi eða námi síðar. Á þeim vettvangi standa skólanum til boða ýmsir kostir sem grundvallaðir eru með styrkjum úr Erasmus plus og Nordplus áætlunum, auk þess sem Uppbyggingarsjóður EES styrkir eitt verkefnið. Þá fær skólinn heimsóknir á hverju ári frá erlendum, skólum og stofnunum og eru slíkar heimsóknir oft nýttar til að styrkja erlent tengslanet skólans. Í skólanum er starfandi verkefnastjóri sem heldur utan um erlend samskipti. Hann bendir starfsfólki og nemendum á þá kosti sem gætu hentað hverju sinni, aðstoðar við að fylla út umsóknir og vinna samninga, og miðlar verkefnum eftir því sem hentar. Þá aðstoðar hann nemendur og kennara erlendis frá við að koma sér fyrir í starfsnámi á Akureyri, sé þess óskað. Í júní 2023 fór starfandi verkefnastjóri, Dagný Hulda Valbergsdóttir, í fæðingarorlof. Í ágúst 2023 tók Valgerður "Vala" Húnboga við tímabundið, eða fram til júní 2024. Aðstaða verkefnastjóra er á bókasafni skólans, og er staðan 25% af starfshlutfalli á móti starfi bókavaraðar.

Erlend samskipti gengu almennt vel fyrir sig. Á árinu 2024 var VMA styrkhafar í 5 erlendum verkefnum; 2 sem styrkt eru af Erasmus+, 2 sem styrkt eru af Nordplus og 1 sem fjármagnað er af uppbyggingarsjóði EES.

2. Verkefni fjármögnuð af Erasmus

VMA hefur mjög langa reynslu af samstarfsverkefnum Erasmus+. Árið 2024 eru verkefnin tvíþætt, 1 samstarfsverkefni, og tvöfalda Erasmus aðild VMA - sem hefur aðgang bæði fyrir SCH (bóknáms) og VET (verknáms) hluta skólans.

Árið 2023 hlaut VMA svokallaða Erasmus+ aðild sem gildir í 7 ár. Aðildin býður upp á mörg tækifæri fyrir nemendur og starfsfólk. Nemendur á verknámsbrautum geta farið erlendis í starfsnám til styttri eða lengri tíma, keppnir eða í hópferðir með kennara. Starfsmenn geta farið í starfsspeglanir, námskeið, kennaraskipti og eitthvað fleira. Nemendur á bóknámsbrautum hafa tækifæri á hópferðum með kennara og skiptinámi. Aðildin gildir í sjö ár, í febrúar hvert ár er send inn áætlun fyrir næsta skólaá um ferðir sem falla innan regla aðildar og fylgja gildum Erasmus+. VMA hefur nú aðgang að aðild bæði VET (verknámsmegin) og SCH (bóknámsmegin), svo allir starfsmenn skólans ættu að geta nýtt sér þetta sem er ánægjulegt.



2.1. Starfsnám nemenda erlendis

Í heild sendi VMA út 2 nemendur í starfsnám og 9 nemendur í hópferð með kennara almanaksárið 2024.

2.1.A

Janúar 2024. Short-term mobility.

Noregur

Útskrifaður nemandi á hárgreiðslubraut, fór í starfsnám á hárgreiðslustofu í Geilo í Noregi í tæpa 3 mánuði.

2.1.B

21. Maí - 1. ágúst. Short-term mobility.

Spánn

Nemi á þjónabraut, fór í starfsnám á hóteli í Sevilla. Starfsnámið gekk mjög vel, hann stóð sig með þrýði. Hann bjó á heimavist og var í skipulagðri vist á vegum EUROMIND. Vertar voru ánægðir með hann og buðu honum áframhaldandi vinnu, sem hann afþakkaði, þar sem hann hefur ekki enn lokið námi. Ari Hallgrímsson, kennari við matreiðslubraut VMA, heimsótti hann á meðan dvöl stóð til að taka út staðinn.

Um fjöllun á VMA.is: [Naut Erasmus+ styrks til þess að starfa við framreiðslu á hóteli í Sevilla á Spáni | Verkmenntaskólinn á Akureyri \(vma.is\)](#)

2.2. Group mobility -hóperð

September 2024

Spánn

9 útskriftarnemar ásamt Hildi Salínu og Hörpu Birgis kennurum. Þetta er í fjórða skipti sem sambærileg ferð er farin, í þetta skiptið heimsóttu þær Grupo Nebro og El Palo í Malaga á Spáni. Hópurinn var með take-over á instagram reikningi VMA í tvo daga á meðan dvölinni stóð, auk þess sem þau héldu instagram reikningi hársnyrtibrautar lifandi alla daga. Þau sóttu meðal annars námskeið í litagreiningu, kynntust öðrum nemendum og fengu að skoða hvernig umhverfisvænar hárgreiðsluvörur eru unnar frá grunni.

Um fjöllun á vma.is: <https://www.vma.is/is/skolinn/frettir/a-leid-til-malaga>

Um fjöllun á kaffid.is : <https://www.kaffid.is/nemendur-i-harsnyrtiðn-a-leid-til-malaga/>

2.3. Starfsspeglanir og aðrar ferðir kennara erlendis

2.3.A. Tengslaráðstefna í Dublin, Írlandi.

Baldvin Ringsted enskukennari fór á tengslaráðstefnu, þar hitti hann um 50 kennara. Upp frá ráðstefnunni komu margar, nýjar tengingar – von er á að hópur kennara frá VMA heimsæki 2 írski skóla, skólaárið 2024-2025 í gegnum tvo kennara sem hann kynntist á ráðstefnunni.

2.3.B. Tengslaráðstefna í Sevilla, Spáni.

Í júní sótti Vala, verkefnastjóri erlends samstarfs, tengslaráðstefnu í Madrid, á Spáni í boði Rannís. Ráðstefnan var á vegum Erasmus+ og haldin af landsskrifstofu Erasmus á Spáni. Yfirskrift ráðstefnunnar var “New Contact Seminar Long-term learning mobility of school pupils”. Þrír fulltrúar voru frá Íslandi en með Völu var alþjóðafulltrúi Borgarholtsskóla og Jón Svanur frá Rannís. Ráðstefnan var opin kennurum og starfsmönnum sem hafa áhuga á lengri náms- og þjálfunardvölum í skólum og stofnunum. Markmið ráðstefnunnar var að skoða hvernig hægt er að bregðast við þeim áskorunum sem skólar standa frammi fyrir við skipulagningu á lengri náms- og þjálfunardvölum í skólum og stofnunum. Í beinu framhaldi af ráðstefnunni heimsótti Vala þrjá verkmenntaskóla í Galicía, hérað á norður Spáni, í samtals fjóra daga. Fyrst heimsótti hún skóla í A Coruna – CIFP Someso (English - CIFP Someso). Fyrir á árinu kom hópur frá þessum skóla í heimsókn í Verkmenntaskólann til að kanna möguleikann á samsarfi. Næst heimsótti hún verkmenntaskóla í Ferrol sem heitir CIFP Rodolfo Ucha Pineiro (Centro Integrado de Formación Profesional Rodolfo Ucha Piñeiro - Ferrol (cifprodolfoucha.es)). Það kom enskukennari, Ana Garcia, frá þeim skóla í heimsókn í Verkmenntaskólann í tvær vikur fyrir á árinu. Að lokum heimsótti hún skóla í Santiago de Compostela sem er bæði menntaskóli og verkmenntaskóli. Sá skóli heitir IES Lamas de Abade (IES Lamas de Abade

(xunta.gal)). Verkmenntaskólar á Spáni bera ávallt nafn sem hefst á CÍFP og menntaskólar bera nöfn sem hefjast á IES. Alþjóðafulltrúi og spænskukennari við skólann í Santiago de Compostela hafa lýst yfir áhuga á að heimsækja Verkmenntaskólann á næsta ári. Þau munu hafa samband við Dagnýju varðandi möguleika á heimsókn.

3. Verkefni fjármögnuð af NordPlus

Almanaksárið 2023 tóku alls sjö starfsmenn VMA þátt í þremur verkefnum styrktum af Nordplus. Alls var farin ein á vegum Nordplus 2024.



3.1. Nordic Green Shift in Education

NPAD-2023/10170

Hópurinn samanstendur af 4 skólum, Vinnuháskulin í Færeyjum, Fagskolen í Rogaland, KRI í Grænlandi ásamt VMA. Samstarf þessara fjögurra skóla á sér langa og farsæla sögu en að þessu sinni er tilgangur verkefnisins að gera handbók fyrir verkgreinakennara sem þar sem áhersla er lögð á að innleiða umhverfisvænni leiðir í kennslu og huga enn betur að sjálfbærni t.d. í vélstjórn. Verkefninu lýkur formlega haustið 2025 í Stavanger í Noregi.

Á vefsíðu verkefnisins má sjá allar glærukynningar og annað efni tengt verkefninu [GreenFing](#).

3.1.A.

20. Mars 2024

Opin og auglýst vefráðstefna um verkefnið, í heild mættu 30 gestir ótengdir verkefninu. Vel sótt af Færeyingum.

Frétt: <https://www.vma.is/is/skolinn/frettir/vma-i-nordplus-verkefninu-green-shift-in-education-vefradstefna-midvikudaginn-20-mars>

3.1.B.

16. okt til 20. okt 2024.

Grænland

Þrír starfsmenn VMA fóru til Grænlands til að funda með samstarfsfélögum í Nordplus hópnum sem kallar sig GreenFing en þessir skólar hafa átt farsælt samstarf í meira en áratug en það eru Vinnuháskulin í Þórhöfn í Færeyjum, Fagskolen Rogaland í Stavanger í Noregi og Arctic Technology/KTI ráðstofskolen í Sisimiut á Grænlandi. Áherslan í þessu verkefni er sjálfbærni og grænar lausnir í orkumálum og að gera samnorræna kennsluhandbók í grænum lausnum. Í Sisimiut er áherslan á grænar lausnir í námavinnslu, sem er umtalsvert umfangsmikil á þessu svæði. Jarðhitinn er áherslan í þessu verkefni af hálfu Íslands, Færeyingar hafa verið í stóru þróunarverkefni með orkugjafa eins og metanól og vetni og fleiri lausnir – t.d. vindorku - fyrir skip og í Stavanger er horft til fallorkunnar.

Frétt: [Fulltrúar VMA í FING-verkefni í Sisimiut | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

3.2. KlimaAngst – Nordisk vennskap for å møte unges klimaangst - et nordisk språkprosjekt.

Verkefnið snýst um loftslagsmál, með áherslu á loftslagskvíða og hvernig við getum notað hann til góðra verka. Unnið með nemendum að þessum málum svo þau átti sig á áhrifum mannsins á náttúruna

og hvernig lofslagsmál hafa áhrif á þeirra nærumhverfi. Þetta verður gert með fyrirlestrum, vinnustofum, skoðunarferðum o.fl., auk þess sem ætlunin er að kynna fyrir nemendum hvernig rithöfundar, listamenn, fjölmiðlar, vísindisfrv. lýsa áhyggjum af stöðu loftslagsmála í heiminum. Þeir fá að koma á framfæri hugmyndum sínum í gegnum tungumál, skapandi verkefni o.fl. Nemendur fá einnig tækifæri til þess að deila reynslu sinni og kynnast reynslu annarra þjóða.

Kennarar landanna heimsækja hvern annan á þriggja ára tímabili, deila reynslu sinni og nemenda sinna með gestgjöfum. Í VMA er verkefnið nýtt í kennslu í dönsku og íslensku. Verkefnið hófst 2021 og lauk 2024.

3.2. A - Annette í Campus Bornholm

Apríl 2024.

Stokkhólmur, Svíþjóð.

Annette dönskukennari kynnti þar hvað hún hafði verið að nýta sér verkefnið í inni í sinni kennslustofu. Meðal annars er það að hún notaði loftslagsbreytingar sem þema í dönskukennslu, orð sem eru bæði neikvæð og jákvæð tengd loftslagsbreytingum. Þá áttu nemendur að skila inn ljóði sem byggðist á þessum orðum. Hún stjórnaði svo KAHOOT um náttúrufyrirbrigði sem finnast á Íslandi.

4. Annað um erlent samstarf

4.1. Móttaka kennara frá erlendum skólum

Reglulega koma hingað kennarar og annað starfsfólk frá erlendum skólum til að kynna sér VMA og okkar nærumhverfi. Margir hópar fara í gegnum verkefnastjóra erlendra verkefna en aðrir í gegnum stjórnendur eða einstaka kennara. Það fyrirkomulag hefur gengið vel. Hér eru upplýsingar um þær heimsóknir sem ritari þessarar skýrslu hefur undir höndum. 60 gestir frá 7 löndum almanaksárið 2024.

4.1.A

11. apríl 2024.

Hópur 21 kennara frá Hollandi kom í heimsókn til að læra um skóla án aðgreiningar. Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir, Bryndís Inda Stefánsdóttir, Svava Hrönn Magnúsdóttir, Helga Júlíusdóttir og Jón Viðar Viðarsson tóku á móti þeim og sögðu þeim frá sínu starfi.

4.1.B.

15. - 30. Apríl 2024.

Ana Isabel Garcia Anon, enskukennari við CIFP Rodolfo Ucha Pineiro, verkmenntaskóla í Ferrol á norður Spáni var hjá okkur í starfsspeglun í tvær vikur. Hún fylgdi ýmsum enskukennurum og Auði spænskukennara í kennslustundir. Skólinn hennar hefur áhuga á að fara í samstarf í framtíðinni. Heimasíða skólans er: <https://www.cifprodolfoucha.es/>

4.1.C.

16. Apríl 2024

Fimm kennarar frá CIFP Someso, verkmenntaskóla í A Coruna á Spáni heimsóttu okkur í einn dag. Þau vildu fræðast um skólann okkar með mögulegt samstarf í huga í framtíðinni. Þau hittu meðal annars Börk, Ásgeir, Sirrý, Árna í FabLab og Hörpu. Skólinn þeirra býður meðal annars upp á

kokkanám, vélvirkjun, málmiðn, hárgreiðslu og fleira. Alþjóðafulltrúi þeirra var með í för, José Luis Souto Otero. Heimasíða skólans er: international [<international@cifpsomeso.edu.es>](mailto:international@cifpsomeso.edu.es)

4.1.D.

Apríl 2024

Glenn Coomans, frá Verpleegschool Antwerpen kom í heimsókn. Hann hitti Maríu Albínu og Jóhannes og fræddist um sjúkraliðanám við VMA. Heimsókn var liður í Íslandsheimsókn hans en hann vonast eftir samstarfi á sviði sjúkraliðanáms í framtíðinni.

4.1.E.

Mánudag 29. apríl og föstudaginn 3. maí

Enskukennarar í starfsspeglun frá Poitiers í Frakklandi. Þær koma frá Lycée Camille Guérin <https://lyc-camilleguerin.fr/>. Þær heita Aurelie Maudet Plantiveau og Monique Coutant. Þær hittu Jóhannes og Dagný Hulda kíkta á þær úr fæðingarorlofi.

Efni frá þeim: <https://digipad.app/p/761375/37afc3dd4420a>

4.1.F.

September 2024

Beverley og Irmgaard frá Berufsschule Wels 3/Austria kíktu í heimsókn í þrjá daga til að kynna sér íslenskt skólakerfi og VMA. Þær eru enskukennarar og viðskiptafræðikennarar, auk þess sem Beverley er alþjóðafulltrúi skólans. Þær sátu nokkra tíma í ensku og viðskiptafræði, auk þess sem þær kynntu sér aðra kima skólans sem tengist þeirra starfi beint, bókasafn og hittu Dagnýju. Jóhannes Árnason hélt utanum skipulag á heimsókninni þeirra, en upphaflega ætluðu þær að koma árið 2019. Auk þess fór hann með þær á Laugar í Reykjadal og hittu Benedikt Barðason, skólameistara í afleysingum. Heimsókn gekk vel.

Grein á vma.is: [Góð heimsókn frá Wels í Austurríki | Verkmenntaskólinn á Akureyri \(vma.is\)](#)

www.bs-wels3.ac.at

4.1. G

Fös 11. okt 2024

Málþing um lýðheilsa hinsegin nemenda á landsbyggðinni. Davíð Samúelsson frá Brussel stýrir verkefninu. Yfir 30 gestir sóttu ráðstefnuna.

Yfirskrift: “Hvernig byggjum við upp öruggara skólaumhverfi fyrir hinsegin ungmenni á landsbyggðinni? Hvernig getum við bætt skólaumhverfið, unnið gegn jaðarsetningu og stuðlað meira að inngildingu hinsegin nemenda? Hvernig getum við aukið þann stuðning sem hinsegi nemendur og fjölskyldur sem þurfa á að halda í skólanum á landsbyggðinni?”

Frétt: [Áhugavert málþing um hinsegin nemendur á landsbyggðinni | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

4.1. H

24. Okt 2024

16 manna hópur frá Hollandi

Í VMA tóku Dagný Hulda Valbergsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir skólameistari og Helga Jónasdóttir aðstoðarskólameistari á móti gestunum og fóru með þeim um skólann. Við tóku kynningar á skólastarfinu í VMA. Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir sagði frá íslenskubrunni, námi í skólanum fyrir nemendur af erlendum uppruna, námsráðgjafarnir Helga Júlíusdóttir og Svava Hrönn Magnúsdóttir sögðu frá starfi sínu og einnig störfum forvarnafulltrúa og viðburðastjóra í skólanum og hvað felst í því að vera heilsueflandi framhaldsskóli. Loks sögðu Bryndís Indíana Stefánsdóttir og Hafdís

Bjarnadóttir frá kennslunni á starfs- og sérnámsbrautum skólans.

Frétt: <https://www.vma.is/is/skolinn/frettir/heimsokn-fra-hollandi-1>

5. Verkefni fjármagnað af uppbyggingarsjóði EES

BlendVET

BlendVET er fjármagnað af uppbyggingarsjóði EES og er samstarfsverkefni þriggja landa; Íslands, Slóveníu og Noregs. Meginviðfangsefni BlendVET er að efla stafræna færni og þróa kennslufræðilegar lausnir til að innleiða blandað nám á verknámsbrautum. Verkefnið byggir á samstarfi milli verknámsskóla og háskóla í hverju landi fyrir sig og eru Háskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri fulltrúar Íslands í verkefninu.

Helga Jónasar varð fyrsti verkefnastjóri verkefnisins í VMA, en varð frá að hverfa vegna veikinda í mars '22. Dagný Hulda tók við hennar skyldum ásamt Höllu Hafbergs (sem sá um fjármálahlutann), fram í október 2022 þegar Jóhann Þorsteins tók við verkefnastjórn og kláraði verkefnið með sóma.



Teymi kennara í verkefninu eru af þremur deildum. Af byggingadeild eru Jóhann Þorsteins og Helgi Valur. Af listnámsbraut eru Helga Jónasar og Ína. Af hársnyrtibraut er Harpa Birgis og Hildur Salína.

Verkefnið kláraðist á árinu. Byggingadeild bjó til 360° kennslustofu, þar sem hægt er að ganga um stofuna og skoða hvernig vélbúnaður virkar og hægt er að skoða öryggismál með myndböndum sem þeir búa til á árinu. Listnámsbraut bjó annars vegar til myndbönd um uppsetningu í íslenska vefstólinn og um notkun Fab-Lab í kennslu. Hárgreiðslubrautin útbjó myndbönd sem má nota fyrir verklega heimavinnu hársnyrtinema. Heimasíða verkefnis: [BlendVET / KIPSI](#)

5.A

Heimsókn BlendVET í VMA

8.-12. apríl 2024.

Þriggja ára þróunarverkefni Blendvet lauk með heimsókn til Íslands dagana 8.-12. Apríl 2024. Níu kennarar frá 3 skólum í Noregi og 29 kennarar frá sjö skólum í Slóveníu tóku þátt í dagskrá sem skipulögð var í samstarfi VMA og Háskólans á Akureyri. Á mánudegi var tekið á móti hópnum í Reykjavík og farið í stutta heimsókn í Tækniskólann þar sem fulltrúi frá Menntamálastofnun kynnti íslenska skólakerfið fyrir þátttakendum. Á þriðjudeginum var heimsókn í Háskólann á Akureyri, á miðvikudag var farið í Menntaskólann á Tröllaskaga og á fimmtudeginum var svo heimsókn í VMA. Fundurinn gekk vel og er mikill áhugi á áframhaldandi samstarfi milli skóla á einn eða annan hátt.

Að lokum

Almanaksárið 2024 sendi VMA 9 starfsmenn og 11 nemendur með styrkjum frá Erasmus+ og Nordplus. Fulltrúar VMA fóru til alls 5 landa: Noregs, Svíþjóðar, Grænlands, Írlands og Spánar. Það er fækkun frá árinu 2023 þegar VMA sendi 37 starfsmenn og 25 nemendur til 13 landa.

Þá tók VMA á móti 60 kennurum og 2 nemendum í sambærilegun erindagörðum, alls 62 manns. Það er örlítil fjölgun frá 54 eintaklingum frá árinu 2023. Þá eru aðrar óformlegar heimsóknir hingað og erlendis ótalðar sem farnar eru utan þessara verkefna. Gestir VMA árið 2024 voru frá 7 löndum: Holland, Spánn, Frakkland, Austurríki, Belgía, Svíþjóð og Færeyjar.

Þá má nefna að VMA fékk fyrirmyndarverðlaun Erasmus+, styrkjaáætlunar Evrópusambandsins fyrir mennta-, íþrótt- og æskulýðsmál. Verðlaunin fékk skólinn fyrir þátttöku sína vel heppnuðum verkefnum árið 2022, þar á meðal Elecoteam, Evrópuverkefni sem nemendur í rafvirkjun í VMA tóku þátt í með kennurum sínum og lauk árið 2023.

Frétt: [VMA fékk fyrirmyndarverðlaun Erasmus+ | Verkmenntaskólinn á Akureyri](#)

Almennt er mikil samstaða meðal starfsfólks og langflestir boðnir og búnir til að taka á móti eða aðstoða á annan hátt við móttöku þessara hópa. Kennarar bjóða inn í kennslustund, bjóða erlendum kollegum til sín í kaffi innan eða utan skólans, Hanna á bókasafninu hefur tekið marga hópa til sín og verið til staðar fyrir nemendur þegar kennarar hverfa burt í ferðir, stuðningsfulltrúar hafa lóðsað hópa í gegnum D-álmuna jafnvel með engum fyrirvara, þjónustuliðar hafa oft veitt aðstoð þegar á þarf að halda, starfsfólk Fab-Lab hefur tekið marga hópa til sín í styttri eða lengri leiðsögn og starfsfólk almennt ósérhlífið og ófeimið við að nýta persónuleg tengsl gestum okkar til góða. Erlend samstarfsverkefni og heimsóknir VMA hafa skilað miklu inn í kennslu, nám og ekki síst skólalíf nemenda okkar. Ljóst er að langflestir nemendur sem koma heim eftir styttri eða lengri dvalir erlendis eflast í lífi, námi og/eða starfi við reynsluna. Það er ómetanleg reynsla fyrir okkur sem kjósum að búa í þessum hluta veraldar og sérstaklega fyrir unga fólkið okkar sem er að fóta sig í lífinu að víkka sjónadeildarhringinn á þennan hátt í þessu umhverfi. Verkefnin hafa haft jákvæð áhrif á skólann okkar sem heild og tækifærin virðast óteljandi.